

## LÖG

## um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Inngangsmálsliður greinarinnar orðast svo: Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum mega aka fólksbifreið í leiguakstri.
- b. 2. tölul. orðast svo: hafa ekki verið dæmdir til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða varðhalds; ef meira en fimm ár eru liðin frá uppkvaðningu dómsins og dómurinn hefur ekki kveðið á um lengra en fjögurra mánaða fangelsi eða varðhaldsvist telst brotið fyrnt í skilningi laganna nema um sé að ræða kynferðisbrot eða að viðkomandi hafi verið dæmdur fyrir kynferðislegt ofbeldi; brotið telst þó ætíð fyrnt ef viðkomandi hefur fengið uppreist æru.
- c. 3. tölul. orðast svo: hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu sem felst í því að vera fjár síns ráðandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.  
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

*Halldór Blöndal.*

15. júní 1998

Nr. 72

## LÖG

## um breytingu á lögum nr. 142/1996, um póstpjónustu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstmeðferð eftirfarandi póstsendinga:

1. Bréfa í umslögum eða sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 250 g að þyngd án tillits til innihalds. Einkarétturinn fellur þó niður sé burðargjald slíkra send-

inga meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lágsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá.

2. Annarra ritaðra orðsendinga eða prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi sem eru innan þeirra marka um þyngd og burðargjald er greinir í 1. tölul., þar með talinna póstkorta.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað íþróttafélögum, skátafélögum, hjálparsveitum eða öðrum sambærilegum aðilum, öðrum en einkaréttarhafa, póstmeðferð á póstsendingum skv. 1. mgr. 6. gr., enda sé slík starfsemi ekki í atvinnuskyni. Samgönguráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Halldór Blöndal.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað 9.–17. gr. laganna (III. kafli, **Almennar ferðaskrifstofur**) koma 15 nýjar greinar, 9.–23. gr., sem orðast svo, og breytast greinatölur og tilvísanir samkvæmt því:

a. (9. gr.)

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

- a. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum og upplýsingar um slíkar ferðir.
- b. Útvegun gistihúsnæðis.
- c. Skipulagningu og sölu hópferða, innan lands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og mótöku erlendra ferðamanna.
- d. Starfrækslu bókonarþjónustu fyrir ferðir og gistingu, sbr. a-, b- og c-liði, og afþreyingu, þar með talinnar tölvubókonarþjónustu.